

MARION LERNER

Þýskar þýðingar á íslenskum smásögum og nóvllum 1883–1913

Inngangur

Undir lok nítjándu aldar vaknaði furðumikill og víðtækur áhugi á Íslandi, íslenskri tungu, menningu og bókmenntum innan þýsks málsvæðis, og tók hann á sig fjölbreytilegri og sértækari myndir í upphafi tuttugustu aldar. Ferðalög til Íslands höfðu aukist, skilyrði til ferðalaga höfðu batnað og menningarsamskipti voru orðin einfaldari á allan hátt. Þetta endurspeglast meðal annars í aukinni útgáfu á ferðabókum og landkynningarritum um Ísland en einnig í auknum áhuga á nýlegum íslenskum bókmenntum. Á níunda áratug nítjándu aldar tók hæfum þýðendum úr íslensku á þýsku að fjölga og þeir litu á það sem hlutverk sitt að vekja athygli lesenda á afurðum íslenskra samtímabókmennta. Auk ljóðabýðinga sneru þeir sér því að þýðingum á íslenskum prósabókmenntum.

Í þessari grein verður leitast við að varpa ljósi á starf þessara þýðenda og hvatana sem lágu því að baki. Fyrst og fremst er hér um að ræða yfirlit og samantekt. Hver þýddi hvað og í hvaða mæli? Í hvaða miðlum birtust þýðingarnar? Má greina sérstök áhugasvið? Til að sneiða hjá hættunni á að samantektin gangi út frá viðteknu hefðarveldi – sem byggðist til dæmis á viðtekinni mynd íslenskrar bókmenntasögu eða á lista yfir íslenska höfunda er teljast mikilvægir – var sjónarhorninu markvisst snúið við. Með þeirri aðferð var leitinni ekki beint að frumtextum og höfundum þeirra, heldur var þvert á móti gengið út frá útgefnum þýðingum á þýsku og viðkomandi þýðendum. Ekki var hugað að frumhöfundum og frumtextum fyrr en á næsta stigi rannsóknarinnar.

Eins og ég hef sýnt fram á annars staðar, nýttu þýskumælandi þýðendur tímabilsins sér fjölmarga hliðartexta, sem þeir ýmist létu fylgja þýðingum sínum



Ritid
1. töl. 25. árg. 2025 (139-156)
Ritrynd grein

© 2025 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og
höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.25.1.10
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

úr íslensku eða birtu í öðrum miðlum.¹ Þeir litu á sig sem sérfræðinga og talsmenn íslenskrar menningar og gerðust stórvirkir í útgáfu. Frá íslensku sjónarhorni var gjarnan litið á þá sem „Íslandsvini“ og þeim vottuð virðing sem slíkum. Markmið þeirra var að upplýsa þýskumælandi almenning um Ísland og íslenska menningu. Í árána rás varð til umfangsmikill vefur hliðartexta og sérstæð orðræða tók á sig mynd, þar sem þýðendur ræddu hver við annan og við lesendur. Þessir hliðartextar gegndu lykilhlutverki í því rannsóknarverkefni sem hér er kynnt, ekki síst vegna þess að litið var á þá sem grunnheimildir fyrir rannsókn af þessu tagi, sem hverfist um sjálfar þýðingarnar. Leitað var í aðrar heimildir á síðari stigum rannsóknarinnar. Hliðartextar frá hendi þýðenda eru þannig í forgrunni í eftirfarandi umfjöllun. Af þeirri ástæðu er nokkuð lagt upp úr skilgreiningum þeirra, flokkun og lýsingum frá þýðingafræðilegu sjónarhorni.

Rannsóknin afmarkast við tímabilið frá miðjum níunda áratug nítjándu aldar til upphafs heimsstyrldarinnar fyrri, ekki síst vegna þess að það er á því tímabili sem útgáfustarf af þessum toga verður áberandi í hinum þýskumælandi heimi. Dagsetningarnar taka mið af útgáfutíma þýsku þýðinganna en ekki íslensku frumtextanna. Eins og sýnt verður fram á má hér greina athyglisverða samþjöppun í tíma, að því leyti að eldri og nýrri íslenskir textar birtust samtímis í þýskum þýðingum. Tímaröðin á útgáfu textanna er einkar upplýsandi og er því dregin upp mynd af henni sérstaklega. Einnig er því lýst í hvaða miðlum og í hvaða röð þýðingarnar birtust og inn í hvaða samhengi þeim var beint. Ennfremur er ákveðin viðtekin túlkun af hálfu þýðendanna tekin til umræðu, sem kallar fram spurningar er tengjast valinu á textum til þýðingar. Greinin er framlag til nýlegs rannsóknasviðs innan þýðingafræðinnar, sem beinir sjónum markvisst að þýðendunum sjálfum og byggir greiningu sína á sögulegum heimildum og skrifum þýðenda.² Í því samhengi er horft til margbrotinnar stöðu þeirra innan valdaformgerða en einnig hugað að því ákvarðanavaldi og svigrúmi sem þeir hafa í þýðingarferlinu.³

¹ Marion Lerner, „Nærvera og túlkun þýðandans. Notkun hliðartexta í þýskri þýðingu á *Pilti og stúlku* eftir Josef C. Poestion“, *Milli mála. Tímarit um erlend tungumál og menningu* 2018, bls. 87–114.

² *Translation archives*, sérhefti tímaritsins *Meta. Journal des traducteurs, Translators' Journal* 1/2021.

³ *Translators' Agency*, ritstjórar Tuija Kinnunen og Kaisa Koskinen, Tampere: University Press, 2010; Esperança Bielsa, *A Translational Sociology: Interdisciplinary Perspectives on Politics and Society*, London og New York: Routledge, 2023; *The Routledge Handbook of Translation, Feminism and Gender*, ritstjórar Luise von Flotow og Hala Kamal, London og New York: Routledge, 2020; *The Routledge Handbook of Translation and Activism*, ritstjórar Rebecca Ruth Gould og Kayvan Tahmasebian, London og New York: Routledge, 2020.

Hliðartextar sem heimildir

Með áhuganum á virkni þýðandans og annarra sem að þýðingarferlinu koma hafa rannsóknir innan þýðingafræðinnar beinst í auknum mæli að hliðartextum.⁴ Útgangspunkturinn er sígilt rit Gérards Genette, þar sem lagður var grunnur að aðgreiningu hliðartexta í „nærtenta“ [e. *peritext*] og „fjærtenta“ [e. *epitext*].⁵ Samkvæmt rýmishundinni skilgreiningu Genettes eru nærtentar þeir textar sem birtast efnislega í sama ritinu.⁶ Fjærtentar eru aftur á móti skilgreindir á þá leið að þeir birtist í það minnsta upphaflega ekki í sama ritinu heldur utan þess, yfirleitt í öðrum miðlum.⁷ Genette leit svo á að við ákveðnar aðstæður væru þýðingar hliðartextar frumtexta sinna. Þetta undirskipaða hlutverk marktenta gagnvart frumtextum sínum hefur margoft verið gagnrýnt innan þýðingafræðinnar og sambandinu hefur jafnvel verið snúið við.⁸ Þegar allt kemur til alls eru þýðingar sjálfstæðir textar á nýju tungumáli, tilheyra nýju samhengi og beinast að nýjum viðtakendum. Hlutverk marktenta getur jafnvel verið annað en viðkomandi frumtexta.

Þýðingafræðingurinn Kathryn Batchelor hefur fjallað um skilgreiningar hliðartexta með hliðsjón af greiningu Genettes. Hún leggur ríka áherslu á að hliðartexti sé í meginráttum skilaboð. Það er virknin sem gerir nærtenta og fjærtenta að hliðartenta (sem er alltaf í eintölu). Hliðartextinn sprettur af þáttum sem hafa að geyma athugasemd við texta eða miðla honum til lesenda og hafa þannig áhrif á viðtökurnar.⁹ Í tilviki nærtenta er nærvera þeirra í sama riti því sem næst trygging fyrir því að þeir hafi áhrif á viðtökur, þeir eru því hliðartexti samkvæmt skilgreiningu. Hversu miklar eða sterkar viðtökur þeirra verða er aftur á móti erfitt að sjá fyrir. Málið er snúnara í tilviki fjærtenta, þar sem þeir fá hlutverk sitt síðar. Samkvæmt Batchelor verður hliðartexti að stefna markvisst

⁴ Kathryn Batchelor, *Translation and Paratexts*, London og New York: Routledge, 2018; Marion Lerner, „Paratexts as an Instrument of Power. German Translations of Icelandic Prose around 1900“, *Clinica. An Interdisciplinary Journal of Translation, Interpreting and Intercultural Communication* 1/ 2019, bls. 181–190.

⁵ Gerard Genette, *Paratexts. Thresholds of Interpretation*, þýðandi J.E. Lewin, Cambridge: University Press, 1997.

⁶ Sama rit, bls. 4–5.

⁷ Sama rit, bls. 5.

⁸ Şenaz Tahir Gürçağlar, „What Texts Don't Tell. The Uses of Paratexts in Translation Research“, *Crosscultural Transgressions*, ritstjóri Theo Hermanns, Manchester: St. Jerome, 2002, bls. 44–60; Mary Louise Wardle, „Alice in Busi-Land. The Reciprocal Relation Between Text and Paratext“, *Translation Peripheries. Paratextual Elements in Translation*, ritstjórar Anna Gil-Bardají, Pilar Orero og Sara Rovira-Esteva, Bern, Berlin o.fl.: Peter Lang, 2012, bls. 27–41.

⁹ Kathryn Batchelor, *Translation and Paratexts*, bls. 12.

að því að hafa áhrif á viðtökur.¹⁰ Það er með öðrum orðum ætlun höfundarins, í þessu tilviki þýðandans, sem kemur á tengslum fjærttextans við megintextann.

Í því samhengi sem hér er til skoðunar er um að ræða innganga, neðanmálsgreinar, skýringar, tileinkanir, titla og annað efni þýðenda sem myndar hliðartexta við þýðingar þeirra. Ritdómar, kynningartextar, blaðagreinar, fræðileg skrif og slíkt efni í öðrum miðlum er hliðartexti að því marki sem ætlunin er að mynda slík tengsl. Nokkrir þeirra þýðenda sem hér er fjallað um nýttu sér ólíkar textategundir og vísuðu ítrekað til eigin þýðinga og annarra og þannig má segja að fjærttextar, sem við fyrstu sýn virðast liggja fjarri frumtextanum, séu meðvitað og markvisst tengdir honum sem hliðartexti, þrjóni við hann. Það er þessi vefur sem er í forgrunni þeirrar rannsóknar sem hér er kynnt.

Varpa má ljósi á það hlutverk og þau tengsl hliðartexta sem hér hefur verið vikið að með dæmi. Þegar Carl Küchler gaf út þýðingu sína á „Kærleiksheimili“ (Das Liebesheim) Gests Pálssonar árið 1891, lét hann fylgja inngang að nóvellunni. Í innganginum lýsti hann ekki aðeins æviferli og höfundarverki Gest, heldur lét hann einnig fylgja tæmandi lista yfir þýskar útgáfur á því sem hann kallaði „*isländische Novellistik*“ („íslenskan söguskáldskap“).¹¹ Hann taldi upp þýðendur, titla, höfunda, forleggjara og svo framvegis og lét fylgja nokkur lýsandi orð. Í framhaldinu sneri hann sér síðan að lýsingu á einkennum „íslensks söguskáldskapar“, en til hans taldi hann prósatexta ólíkra tegunda, og upprunalegu samhengi hans frá og með Jónasi Hallgrímssyni og Jóni Thoroddsen. Inngangur hans að *Drei Novellen vom Polarkreis* (Þrjár sögur frá norðurhjá) eftir Gest Pálsson, sem gefin var út af Reclam 1896 og hafði að geyma nokkrar þýðingar til viðbótar, var með sambærilegu sniði.¹² Aðrir þýðendur höfðu svipað vinnulag á. Josef Calasanz Poestion lagði ekki aðeins til ábendingar, athugasemdir og gagnrýni á vinnu annarra þýðenda í inngöngum sínum, heldur einnig í neðan- og aftanmálsgreinum. Í viðauka með útgefnum nóvllum og sagnasöfnum íslenskra höfunda mátti einnig finna yfirlit um aðrar þýðingar og ritverk þýðenda, þar á meðal Poestions og Küchlers. Ennfremur vísuðu Íslandssérfræðingarnir í nærtextum sínum til eigin fræðaskrifa og annarra um Ísland og íslenskar bókmenntir, til ritdóma, greina í blöðum og tímaritum og svo framvegis, sem þeir gerðu þannig að fjærttextum. Þannig höfðu þeir afar sterka nærveru sem þýðendur og sérfræðingar og tóku markvisst að sér það hlutverk að leiða lesendur inn í viðkomandi verk og samhengi þess. Með

¹⁰ Sama rit, bls. 142.

¹¹ Carl Küchler, „Einleitung“, Gestur Pálsson, *Das Liebesheim. Novelle*, þýðandi Carl Küchler, Kopenhagen: Martius Truelsen, 1891, bls. 5–13.

¹² Carl Küchler, „Vorwort“, Gestur Pálsson, *Drei Novellen vom Polarkreis*, þýðandi Carl Küchler, Leipzig: Reclam 3607 (1896), bls. 3–6.

áherslunni á eigin verk trönuðu þeir sér svo að segja fram í sviðsljósið, þar sem búast hefði mátt við að frumhöfundarnir ættu að standa.

Aðrar heimildir

Samhliða þeirri starfsemi þýðenda á þýsku sem hér hefur verið lýst mátti sjá liflegar umræður á opinberum vettvangi á Íslandi. Þar var stöðugt fylgst með og fjallað um hvaða íslensku höfundar og verk kæmu út erlendis. Þannig var minnst á þýðingarnar og birtir voru um þær ritdómar í blöðum og tímaritum. Einnig hér reyndu menn að birta tæmandi yfirlit til að byrja með. Sem dæmi má þar nefna grein I.E. (Indriða Einarssonar), „Gestur Pálsson í erlendum bókmenntum“, sem birtist í *Sunnanfara* árið 1902, en þar er dregin upp mynd af því hver hefði þýtt og gefið út hvaða texta Gestis og hvar.¹³ Á öndverðan hátt birti til að mynda Heinrich Erkes grein um þýska þýðendur nýrri íslenskra bókmennta árið 1915, þar sem hann taldi upp verk þeirra og lýsti þeim.¹⁴

Með þessum venjum byggðist upp ansi viðamiklð safn umfjallana og vísana í árunna rás. Með nánari eftirgrennsln má finna í þessum textum upplýsingar um nöfn þeirra þýðenda sem voru virkir á þessum tíma og útgáfur þeirra, en einnig um forleggjara, blöð og tímarit sem að útgáfunni komu. Rannsóknin sem hér liggur til grundvallar átti upptök sín í slíkum margbreytilegum og brotakennndum sögulegum heimildum. Þó reyndist nauðsynlegt að fara með nokkurri gát, því ósjaldan reyndust þær upplýsingar sem þannig voru teknar saman og fluttar á milli málheima gloppóttar eða ónákvæmar. Svo vel vill til að margar hinna gömlu heimilda eru til á Íslandssafni Landsbókasafnsins, þangað sem þær hafa í mörgum tilvikum borist úr íslenskum einkasöfnum og þá jafnvel með handskrifuðum athugasemdum, þar á meðal þýðenda. Enn fremur er rafrænn aðgangur að eldri íslenskum tímaritum á timarit.is því sem næst óþrjótandi uppspretta. Útgáfulistar,¹⁵ ritaskrár¹⁶ og annað slíkt efni frá síðari áratugum nýttist til þess að leiðrétta og fylla í eyður þar sem nauðsyn krafði.¹⁷

¹³ I.E. (Indriði Einarsson), „Gestur Pálsson í erlendum bókmenntum“, *Sunnanfari*, janúar 1902, bls. 3–6.

¹⁴ Heinrich Erkes, „Deutsche Übersetzer neu-isländischer Literatur“, *Mitteilungen der Islandfreunde*, jan.-apríl/1915, bls. 77–79.

¹⁵ Auk leitar.is komu ritaskrá háskóla- og landsbókasafna í Vín, München, Berlín, Köln og víðar hér að góðum notum.

¹⁶ Hér er vert að nefna ritaskrá Christine Knüppel, sem inniheldur 628 titla: Christine Knüppel, *Isländische Literatur in deutscher Übersetzung 1860–2000*, Köln: Seltmann & Hein, 2001. Ritid má nálgast í rafrænni gerð á heimasíðu Miðstöðvar íslenskra bókmennta: https://www.islit.is/media/pdf/Islandische_Literatur.pdf, sótt 19. febrúar 2024.

¹⁷ Í nokkrum tilvikum reyndist ekki unnt að afla nákvæmra upplýsinga um blaðaútgáfu eða

Umfang og afmörkun

Með þeirri aðferðafræði sem hér hefur verið lýst og samanburði á miklum fjölda heimilda má draga upp eftirfarandi mynd. Á tímabilinu frá 1883 til 1913 hafa hingað til (í mars 2025) fundist alls 44 útgáfur á þýsku. Þær byggja á 24 íslenskum frumtextum eftir átta höfunda. Ekki er hægt að útiloka með öllu að enn leynist heimildir sem ekki fundust þrátt fyrir rækilega leit. Á hinn bóginn verður að teljast afar ólíklegt að nokkrar markverðar breytingar verði á heildarmyndinni. Þýðingar sem komu út eftir 1913, þegar þýðingar urðu stopullir, voru ekki teknar með í reikninginn hér.

Eins og gefið var í skyn hér að framan mótaði einn þýðendanna, Carl Küchler, eigin hugtök til að lýsa þeim textum sem vöktu áhuga hans. Hann sendi frá sér nokkra texta um það sem hann kallaði „die isländische Novellistik“.¹⁸ Orðið *Novellistik* notaði hann sem þýðingu á íslenska hugtakinu „söguskáldskapur“. Í tilhlupi sínu að skilgreiningu notaði hann orðin *Novelle* og *Roman* aftur á móti sem samheiti, sem dregur fram óljós mörkin þar á milli: „die isländische Novelle (skáldsaga)“ og „die moderne Novelle (bzw. Roman)“ [„íslenska nóvellan (skáldsaga)“ og „nútímanóvellan (eða rómaninn)“].¹⁹ Hann leit jafnframt svo á að íslenski „söguskáldskapurinn“ væri yngsta afsprenghi hinnar fornu sagnalistar. Hann var ekki einn í þeirri stöðu að vera óviss um hvernig ætti að skilgreina þá stuttu skálduðu prósatexta sem þýddir voru úr íslensku. Sömu útgáfurnar voru ýmist kallaðar *Erzählungen* (Frásagnir), *Geschichten*, *Novellen*, *Novelletten* (Sögur og nóvellur), *Skizzen* (Skissur) eða jafnvel *Studien* (Stúdiur eða rannsóknir). Í tilviki „Kærleiksheimilisins“ eftir Gest Pálsson vísaði Poestion til skyldleikans við þorpssöguna (*Dorfgeschichte*) og hann lýsti „Hans Vögg“ og „Skjóna“ bæði sem „skissum“ og „rannsóknarkenndum drögum“ (*studienartige Entwürfe*).²⁰ Titlar á greinum og bókum sýna að orðið *Novellistik* var yfirleitt notað sem óljóst safnhugtak.

Slík ónákvæmni í hugtakanotkun var ekki óalgeng í þýskumælandi orðræðu tímabilsins. Í ítarlegri greiningu sinni sýnir Leonie Marx fram á að hugtakið *Kurzgeschichte* eða „smásaga“ (fyrst í stað *kurze Geschichte* eða „stutt saga“) hélt upphaflega innreið sína á síðasta áratug nítjándu aldar sem þýðing á bandaríska

blaðsíðutal í útgáfum. Í þeim tilfellum verður hér notast við spurningarmerki.

¹⁸ Carl Küchler, „Islands neuere und neueste Novellistik“, *Internationale Literaturberichte* 27–31/1894; sami *Geschichte der isländischen Dichtung der Neuzeit*, 1. hefti *Novellistik*, Leipzig: Hermann Haacke, 1896.

¹⁹ Carl Küchler, *Novellistik*, bls. 11.

²⁰ Josef C. Poestion, *Isländische Dichter der Neuzeit in Charakteristiken und übersetzten Proben ihrer Dichtung*, München og Leipzig: Georg Müller, 1905 (1897), bls. 481 og 484.

orðinu „short story“, en það festi sig ekki í sessi sem greinarheiti fyrr en á þriðja áratug tuttugustu aldar.²¹ Aðrar þýðingatilraunir voru *Skizze* fyrir „sketch“, *kurze Geschichte* og *Novellette* fyrir „short story“, en einnig *moderne Novelle*, sem greindi hina nýju bókmenntagrein þar með frá hinni viðurkenndu og mikils metnu *Novelle*, sem átti rætur sínar í rómönskum málheimi og þróaðist upp úr rómantísku hreyfingunni.²² Með skírskotun til þeirra miðla sem flestir textarnir birtust í var einnig talað um *kurze Magazin- oder Feuilletongeschichte* („stuttar tímarits- eða framhaldssögur“), þótt gjarnan væri litið niður á slíkt efni á forsendum menningarbölhyggju og andnúttímalegrar afstöðu. Á þriðja og fjórða áratugnum voru hin ólíku form stuttra prósatexta löguð æ afdráttarlausar að ríkjandi hugmyndafræði í Þýskalandi, uns þau voru loks innlimuð í áróður Þriðja ríkisins. Ekki verður vikið hér nánar að viðvarandi umræðum um skilgreiningar á þýsku hugtökunum *Kurzgeschichte* og *Novelle* og þær forsendur sem þær þurfa að byggja á. Aðgreining hugtakanna skiptir ekki meginmáli fyrir þá rannsókn sem hér er kynnt.

Þýðendur og höfundar

Hverjir voru þessir þýðendur íslenskra smásagna, nívella, frásagna o.s.frv. á umræddu tímabili? Fimm nöfnum bregður oftast fyrir. Í aldursröð er þar um að ræða Philipp Schweitzer (1846–1890), Margarethe Lehmann-Filhés (1852–1911), Josef Calasanz Poestion (1853–1922), Heinrich Erkes (1864–1932) og Carl Küchler (1869–1945). Fyrstu þrjú má kenna við sömu kynslóðina en Erkes og Küchler tilheyra þeirri næstu. Öll fimm gáfu auk þýðinga á ólíkum bókmenntagreinum út annars konar texta sem tengdust Íslandi, allt frá landlýsingum og ferðabókum til safnrita, fræðirita af ýmsum toga og loks tímaritsgreina. Eftir aldamótin bætast hér við nöfn þýðenda eins og Franz Kuntze, Pauls Herrmann, Erichs von Mendelssohn og Friedrichs von Känel.

Þegar þýðendurnir eru flokkaðir eftir fjölda útgáfa trónir Carl Kücher efstur á blaði með tutugu birtingar sem byggja á tólf þeirra 24 frumtexta sem fundist hafa. Í öðru sæti er eina konan í hópnun, Margerethe Lehmann-Filhés. Auk þess að þýða fjölbreytilega texta, þar á meðal á sviði hug- og raunvísinda, var þessi Berlínarbúi sérfræðingur á sviði þjóðfræði. Hún átti sjö þeirra útgáfa sem fundist hafa og byggja þær á fjórum frumtextum. Þriðja sætinu deila Josef C. Poestion og Heinrich Erkes með fimm þýðingar hvor, í tilviki Erkes byggja þær á fjórum frumtextum en tveimur í tilviki Poestions. Philipp Schweitzer lést ungur að árum

²¹ Leonie Marx, *Die deutsche Kurzgeschichte*, Stuttgart, Weimar: Metzler, 2005.

²² Hugo Aust, *Novelle*, Stuttgart og Weimar: Metzler, 2012.

og sendi frá sér tvær þýðingar á tveimur frumtextum. Í tilviki Franz Kuntze var einnig um að ræða tvær þýðingar á tveimur frumtextum. Mendelssohn, von Känel og Herrmann sendu frá sér eina þýðingu hvert, á einum frumtexta.

Frumtextarnir eru eftir átta íslenska karlhöfundar. Þegar þeir eru flokkaðir eftir fjölda texta er Gestur Pálsson efstur á blaði með sex þýdda texta í fjórtán útgáfum. Eftir Jónas Jónasson (frá Hrafnagili) birtust fimm textar á prenti, í ellefu útgáfum. Einar Gísli Hjörleifsson (Einar H. Kvaran) á fjóra texta í fjórum útgáfum. Jón Thoroddsen og Jón Stefánsson (Þorgils gjallandi) eiga þrjá texta hvor, í fimm útgáfum. Í tilviki Jónasar Hallgrímssonar er um að ræða þrjár útgáfur á einum texta. Loks eiga Indriði Einarsson og Guðmundur Magnússon (Jón Trausti) hvor sinn textann í einni útgáfu. Íslensk höfundarnöfn og auknefni voru ekki í öllum tilvikum látin fylgja með á þýsku og ekki var alltaf hugað að samræmi, þannig að höfundarnir birtast undir ólíkum nöfnum og með mismunandi rithætti, sem gerði rannsóknarvinnuna vitaskuld torveldari. Yfir heildina litið tilheyra höfundarnir sem hér hafa verið nefndir þremur kynslóðum, elstur er Jónas Hallgrímsson (1807–1845) en Jón Thoroddsen (1818–1868) er órlítið yngri. Allir hinir fæddust á tímabilinu frá 1850 til 1859. Bókmenntaverk þessarar yngri kynslóðar eru kennd við íslenskt raunsæi og einkenndust af beitrí, á köflum satírskrí og eitradrí gagnrýni á íslenskt þjóðfélag.²³ Í skáldskaparfræði sinni og fagurfræði greindu þeir sig að mörgu leyti frá hinum eldri höfundum, eins og vikið verður nánar að síðar.

Framvinda og tímaröð

Í framhaldi af hinni tölulegu samantekt er vert að huga sérstaklega að framvindu og tímaröð útgáfunnar. Mikilvægi þessa má einnig ráða af listum í hliðar-textum þýðendanna sjálfra, sem byrja ávallt á því að nefna Josef C. Poestion og votta honum þannig virðingu, en lítið var á hann sem kennivald á vettvangi íslenskra samtímabókmennta vegna ljóðabýðinga hans og skrifa um bókmenntasögu. Hann þýddi *Pilt og stúlku* eftir Jón Thoroddsen fyrst árið 1883 og lét ítarlegar skýringar fylgja.²⁴ Innan íslenskrar bókmenntasögu er lítið á *Pilt og stúlku* sem fyrstu skáldsögunum,²⁵ en þegar verkið kom út var það kynnt sem „dálítill

²³ Matthías V. Sæmundsson, „Raunsæisstefnan“, *Íslensk bókmenntasaga* III, ritstjóri Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 770–822.

²⁴ Jón Thórdarson Thóroddsen, *Jüngling und Mädchen. Eine Erzählung aus dem isländischen Volksleben der Gegenwart*, þýðandi Jos. Cal. Poestion, Berlín og Leipzig: Oscar Parrisius, 1883.

²⁵ Matthías V. Sæmundsson, „Rómantísk skáldsagnagerð“, *Íslensk bókmenntasaga* III, ritstjóri Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 495–588.

frásaga“ – og á þýsku sem „Erzählung“.²⁶ Þýðingin birtist í þremur, örlítið lagfærðum útgáfum til viðbótar á tímabilinu 1884 til 1900, í ritröðinni Universal-Bibliothek, sem gefin var út á vegum Reclam-forlagsins og er þekkt enn í dag fyrir bækur í smágerðu vasabroti fyrir breiðan lesendahóp, þannig að verkin ná mikilli útbreiðslu.²⁷ Á meðal elstu þýðinganna er einnig „Dálítill ferðasaga“ eftir Jón Thoroddsen, sem Schweitzer lauk við árið 1885 og gaf út undir heitinu „Die steinerne Frau“ (Grjótkonan), sem viðauka með landkynningarriti sínu.²⁸ Árið 1904 birtist einnig eftir Jón Thoroddsen útdráttur úr *Manni og konu* (sjá nánar í framhaldinu). Í tilviki þessa höfundar liðu því þrír eða fjórir áratugir frá útgáfu verkanna á íslensku þangað til þýsku þýðingarnar birtust. Í tilviki „Grasaferðar“ eftir Jónas Hallgrímsson, sem yfirleitt er talin vera fyrsta íslenska smásagan, liðu fimm áratugir.²⁹ Hún kom út á þýsku 1897 og 1905, í tveimur útgáfum safnritsins *Isländische Dichter der Neuzeit* (Íslensk nútímaskáld) eftir Poestion, loks kom hún út einu sinni til viðbótar – og það undir sama heiti („Auf der Moossuche“) – í þýðingu Küchlers árið 1891.³⁰

Þegar Schweitzer sendi frá sér þýðingu sína á „Hans Vögg“ eftir Gest Pálsson var aftur á móti ekki liðið nema ár frá því að hún birtist á íslensku.³¹ Það sama á við um „Eið“ eftir Jónas Jónasson frá Hrafnagili í þýðingu Lehmann-Filhés.³² Vissulega var óalgengt að aðeins liði eitt ár en greina má augljóst mynstur þar sem sögur eftir kynslóð þeirra Gests Pálssonar, Einars H. Kvaran, Þorgils gjallanda og Jónasar Jónassonar voru þýddar tiltölulega fljótt, oft innan nokkurra ára. Þýðendur eða útgefendur lögðu sig með öðrum orðum fram um að finna texta og færa lesendum þá fljótt.

²⁶ Jón Thoroddsen, *Piltur og stúlka. Dálítill frásaga*, Kaupmannahöfn, 1850.

²⁷ Jón Thórdarson Thóroddsen, *Jüngling und Mädchen. Eine Erzählung*, þýðandi J.C. Poestion, Leipzig: Philipp Reclam jun., 2226, 2227 (1884–1900).

²⁸ Philipp Schweitzer, „Die steinerne Frau. Reisebericht von Jón Thóroddsen“, *Island. Land und Leute. Geschichte, Litteratur und Sprache*, Leipzig og Berlín: Wilhelm Friedrich, 1885, bls. 153–165.

²⁹ Kristján Karlsson, „Formáli“, *Íslenskar smásögur 1847–1974*, 1. bindi, ritstjóri Kristján Karlsson, 1982, bls. vii–xii.

³⁰ Jónas Hallgrímsson, „Auf der Moossuche“, þýðandi Josef C. Poestion, *Isländische Dichter der Neuzeit in Charakteristiken und übersetzten Proben ihrer Dichtung*, München og Leipzig: Georg Müller, 1905 (1897), bls. 367–379; þýðandi Carl Küchler, *Moderne Rundschau*, Wien, 5/1891, bls. ?

³¹ Gestur Pálsson, „Der Wackelhans“, þýðandi Philipp Schweitzer, *Magazin für die Litteratur des In- und Auslandes* 4/1884, bls. ?

³² Jónas Jónasson, „Ein Eid“, þýðandi Margarethe Lehmann-Filhés, *Berliner Evangelisches Sonntagsblatt* 1898, bls. 32–39.

Auk hraðans vekur hér eftirtekt að ólíkir þýðendur spreyttu sig við margar sagnanna með skömmu millibili. Þannig kom „Sagan af Sigurði formanni“ eftir Gest Pálsson út í þýðingu Lehmann-Filhés undir heitinu „Sigurd der Bootsführer“ 1891 og 1892,³³ en síðan aftur undir sama heiti í þýðingu Küchlers 1901 og 1902.³⁴ Að auki birtist útdráttur úr sögunni 1904 (sjá nánar í framhaldinu). Þannig er um að ræða fimm útgáfur frá tveimur þýðendum á aðeins þrettán ára tímabili. Í nýlegri grein má finna ítarlegan samanburð og greiningu á þessum þýðingum, miðlunum sem þær birtust í, afar ólíkri þýðingaraðferð þeirra og túlkun, sem að hluta til helgast af ólíkri reynslu þeirra sem þýðenda.³⁵

Sagan „Eiður“, sem áður var nefnd, kom út í þýðingu Lehmann-Filhés undir heitinu „Ein Eid“ bæði 1898 og 1903,³⁶ en einnig í þýðingu Küchlers undir heitinu „Ein Meineid“ árið 1904³⁷ og í þýðingu Friedrichs v. Känel sem „Ein Eid“ árið 1913.³⁸ „Hungurvofan“ eftir Jónas Jónasson kom einnig út nokkrum sinnum, fyrst í þýðingu Küchlers sem „Das Gespenst „Hunger““ 1903 und 1904,³⁹ síðan í þýðingu Erkes sem „Das Hungergespenst“ 1907 og 1916.⁴⁰ Augljóst er að hvorki í augum þýðenda né útgefenda var það til fyrirstöðu að þýðingar á sama verki væru þegar til og ekki væri langt liðið frá þeirri útgáfu.

³³ Gestur Pálsson, „Sigurd der Bootsführer“, þýðandi Margarethe Lehmann-Filhés, *Aus fremden Zungen. Eine Halbmonatsschrift* 4/1991, bls. 201–207 og *Das Künd von Guy de Maupassant und anderen Novellen*, Stuttgart, Leipzig o.fl.: Deutsche Verlagsanstalt, 1892, bls. 54–88.

³⁴ Gestur Pálsson, „Sigurd der Bootsführer“, þýðandi Carl Küchler, *Weser Zeitung* 1901 (dagsetning ?) og *Grausame Geschicke. Zwei Erzählungen*, þýðandi Carl Küchler, Leipzig: Reclam Verlag, 4360 (1902), bls. 61–94.

³⁵ Marion Lerner, „Sigurd der Bootsführer von Gestur Pálsson an deutschen Gestaden. Die Übersetzungen von Margarethe Lehmann-Filhés und Carl Küchler“, *Milli mála – tímarit um erlend tungumál und menningu* 2/2024, bls. 117–150.

³⁶ Jónas Jónasson, „Ein Eid“, þýðandi Margarethe Lehmann-Filhés, *Berliner Evangelisches Sonntagsblatt*, (dagsetning ?) 1898, bls. 32–39 og *Neue Volksbücher*, útgefandi Vereinigung von Freunden christlicher Volksliteratur, 79. bindi, Berlin: Schriftenvertriebsanstalt, 1903.

³⁷ Jónas Jónsson, „Ein Meineid“, þýðandi Carl Küchler, *Lebenslügen. Vier Erzählungen*, Leipzig: Philipp Reclam jun., 4657 (1904?), bls. 5–40.

³⁸ Jónas Jónasson, „Ein Eid“, þýðandi Friedrich v. Känel, *Das Skandinavienbuch*, ritstjóri Max Krell, Strassburg: J. Singer, 1913, bls. 19–48.

³⁹ Jónas Jónsson, „Das Gespenst „Hunger““, þýðandi Carl Küchler, *Lebenslügen. Vier Erzählungen*, Leipzig: Philipp Reclam jun., 4657 (1904?), bls. 93–113.

⁴⁰ Jónas Jónasson, „Das Hungergespenst“, þýðandi Heinrich Erkes, *Rheinischer Hausfreund. Mittwochsbeilage der Rheinischen Zeitung*, 2 (09.01.), 3 (16.01.), 4 (23.01.) 1907 og 1 (01.04.) – 4 (14.04) 1916.

Dagblöð, tímarit og bækur

Eins og hér hefur verið sýnt fram á birtust nokkrir textar ekki aðeins í mismunandi þýðingum heldur einnig í endurútgáfum sömu þýðinga. Í hvaða miðlum átti þetta sér stað? Fyrstu textarnir birtust flestir í safnritum eða landkynningarritum eins og *Isländische Dichter der Neuzeit* eftir Poestion og *Island. Land und Leute* (Ísland. Land og þjóð) eftir Schweitzer. Undantekning frá þessu er *Jüngling und Mädchen. Eine Erzählung (Piltur og stúlka)* sem kom allt frá upphafi út sem sjálfstætt rit.

Frá og með byrjun tíunda áratugarins má greina ákveðið mynstur. Þýðingarnar birtust einu sinni eða oftar í dagblöðum og tímaritum áður en þær komu út á bók. Hér gegndi aðgengi þýðendanna að tilteknum blöðum augljóslega nokkru hlutverki. Þannig gaf Kölnarbúinn Erkes ítrekað út í *Rheinische Zeitung* (Rínarblaðið) og aukablaði þess, *Rheinischer Hausfreund* (Heimilisvinur Rínar). Kuchler, sem bjó í bænum Varel í Oldenburg á þessum tíma, birti aftur á móti efni í *Weser Zeitung* (Weserblaðið) í Bremen. Oft birtust þýðingarnar, eins og venja var á þessu tímabili, sem framhaldssögur í nokkrum tölublöðum. Auk tímarita fyrir almenna lesendur er hér vert að nefna fagtímarit með misjafnar áherslur. Nærtækt dæmi af því tagi er útgáfan í *Aus fremden Zungen* (Af framandi tungum), tímariti sem kom út tvisvar í mánuði á vegum Deutsche Verlagsanstalt, en að eigin sögn leitaðist það við að kynna heimsbókmenntir í skilningi Goethes og gaf því út þýðingar á skáldsögum, nóvellum og smásögum.⁴¹ Því miður var þýðenda hvergi getið í þessu tímariti, þannig að grafa þurfti upp nöfn þeirra í öðrum heimildum. Bæði Kuchler og Lehmann-Filhés birtu efni í *Aus fremden Zungen*, sem gat valdið nokkrum ruglingi. Sama tímarit gaf út bók með örlítið villandi titli, *Das Kind von Guy de Maupassant und andere Novellen* (Barnið eftir Guy de Maupassant og fleiri sögur), þar sem „Sigurd der Bootsführer“ eftir Lehmann-Filhés birtist. Önnur bókmenntatímarit voru *Die Romanwelt* í Stuttgart, *Moderne Rundschau* (Kringsjá nútímans) í Vín, *Leipziger Litteraturberichte* (Bókmenntablað Leipzig) og *Magazin für die Litteratur des In- und Auslandes* (Tímarit um innlendar og erlendar bókmenntir), sem gefið var út í Leipzig og Berlín. Öllu óvæntari vettvangur fyrir íslenskar smásögur eru tímarit á borð við *Berliner Evangelisches Sonntagsblatt* (Evangelískt sunnudagsblað Berlínarborgar) og einkum *Die Frau* (Konan), sem gefið var út í Berlín undir ritsjórn Helene Lange, einnar af leiðtogum borgaralegu kvennahreyfingarinnar í Þýskalandi. Það kemur síður á óvart að það var einmitt Lehmann-Filhés sem nýtti sér þessa miðla og kaus að birta áður nefnda þýðingu

⁴¹ Joseph Kürschner, „Was wir wollen“, *Aus fremden Zungen. Eine Halbmonatsschrift* 1/1891, bls. V–VI.

sína „Ein Eid“ í *Berliner Evangelisches Sonntagsblatt* og „Hoffnungen“ („Vonir“) eftir Einar H. Kvaran í *Die Frau*.⁴²

Algengt var að sögur sem höfðu þegar komið út í blöðum og tímaritum fengu nýtt líf í safnitum. Þannig birtist „Der Kirchgang“ („Leidd í kirkju“) eftir Þorgils gjallanda í *Nordische Novellen* (Norrænar nóvellar) árið 1896 eftir að sagan hafði birst tveimur árum fyrr í *Leipziger Litteraturberichte*, en í sömu bók birtist einnig „Pastor Sölvi“ („Séra Sölvi“).⁴³ Stöku bækur voru einnig helgaðar tilteknum höfundum, einkum varð Gestur Pálsson slíks heiðurs aðnjótandi með *Grausame Geschicke. Zwei Erzählungen* (Grimm örlög. Tvær nóvellar) og *Drei Novellen vom Polarkreis* (Þrjár nóvellar frá norðurhvara).⁴⁴ Einnig átti Jónas Jónasson bókina *Lebenslügen. Vier Erzählungen* (Lífslygar. Fjórar sögur). Allar þrjár bækurnar komu út á vegum Reclams í Universal-Bibliothek, þeirri ritröð sem áður var nefnd. Nokkrum árum síðar bættist *Klein Hvammur* (*Litli-Hvammur*) í þennan hóp.⁴⁵ Sá mikli áhugi sem Reclam sýndi íslenskum samtímabókmenntum og kynningu þeirra vekur hér athygli. Heinrich Erkes tileinkaði ritröð forlagsins lofsamlegan ritdóm, þar sem hann skrifaði:

„Reclams Universalbibliothek“ á þakkir skilið fyrir að hafa auk ýmissa verka íslenskra fornbókmennta [...] tekið til útgáfu nokkrar þýðingar á nýrri íslenskum höfundum. Það litla úrval verka sem út er komið ber að lofa, það hefur að geyma lýsandi verk nokkurra af hinum bestu, nýrri sagnaskáldum frá Íslandi.⁴⁶

„Stirðbusalega“ titla bókanna skrifar hann aftur á móti á reikning þýðandans Carls Küchler. Þýðandinn virðist hafa haft sterk tengsl við Reclam-forlagið, því átta af þýðingum hans komu út í þremur bindum ritraðarinnar Universal-Bibliothek. Hvergi er hér aftur á móti minnst á efnahagslega hagsmuni Reclam-forlagsins. Tilurð Universal-Bibliothek má rekja til svokallaðs „árs hinna sígildu“ í Þýskalandi 1867, þegar einkaréttur á útgáfu sígildra þýskra höfunda rann úr

⁴² Einar Hjörleifsson, „Hoffnungen“, þýðandi Margarethe Lehmann-Filhés, *Die Frau* 12/1894, bls. 798–807.

⁴³ Jón Stefánsson, „Der Kirchgang“, þýðandi Carl Küchler, *Nordische Novellen*, Leipzig: Gustav Fock, 1896, bls. 103–116; sami, „Pastor Sölvi“, sami þýðandi, bls. 155–164.

⁴⁴ Gestur Pálsson, *Drei Novellen vom Polarkreis*, þýðandi Carl Küchler, Leipzig: Philipp Reclam jun., 3607 (1896).

⁴⁵ Einar Hjörleifsson, *Klein Hvammur*, þýðandi Franz Kuntze, Leipzig: Philipp Reclam jun., 5130 (1909).

⁴⁶ Heinrich Erkes, „Buchbesprechungen“, *Mitteilungen der Islandfreunde* 3/1914, bls. 58–59.

gildi, en það nýtti Reclam sér vel.⁴⁷ Engir höfundarréttarsamningar voru í gildi á milli Þýskalands og Norðurlandanna og árið 1886 áttu löndin ekki aðild að Bernarsáttmálanum.⁴⁸ Fyrir vikið voru verk norrænna höfunda ekki höfundarvarin. Í þessu umhverfi var mikilvægt fyrir forlögin að hafa hraðar hendur og Reclam stóð afar vel að vígi með vinsæla, ódýra en vandaða ritröð sína. Eftirtektaervert útgefutíðnin á þýðingum úr íslensku átti sér með öðrum orðum einnig mjög hversdagslegar orsaker.

Mynstrið sem hér hefur verið dregin upp mynd af, þar sem smásögur birtust fyrst og stundum margsinnis í blöðum og tímaritum en síðar í bókum sem voru helgaðar ákveðnu viðfangsefni eða svæðum, ellegar í bókum sem helgaðar voru vinsælum höfundum, er engan veginn einsdæmi. Það er öllu heldur í samræmi við alþjóðlegar venjur á tímabilinu. Það sem er óvanalegt eru aftur á móti útdrættir sem prentaðir voru í bókinni *Island am Beginn des 20. Jahrhunderts* (Ísland við upphaf tuttugustu aldar) eftir Valtý Guðmundsson, sem þýdd var úr dönsku.⁴⁹ Hér valdi þýðandinn, Richard Palleske, svokallaðar „viðbætur“ og lét fylgja þýsku útgefanni. Undir yfirskriftinni „*Bilder aus dem Volksleben*“ (Þjóðlífsmyndir) tók hann saman þrjá útdrætti úr íslenskum prósatextum.⁵⁰ Nánar tiltekið var þar um að ræða útdrátt úr *Pilti og stúlku* í þýðingu Poestions undir heitinu „*An der Hürde*“ (Í réttum), útdrátt úr *Manni og konu* í nýrri þýðingu Lehmann-Filhés undir heitinu „*Ein Abend in einem Bauernheim*“ (Kvöldstund á bóndabæ) og útdrátt úr „*Sigurði formanni*“ í endurskoðaðri þýðingu Küchlers undir heitinu „*Eine Christnacht in der Schutzhütte*“ (Aðfangadagskvöld í sæluhúsinu). Bókmenntatextar voru hér bersýnilega hafðir til skrauts í landkynningarriti, þeim var ætlað að veita innsýn í líf alþýðunnar á hinu fjarlæga Íslandi. Palleske komst svo að orði: „Fyrir þann sem vill fá greiða innsýn í hugsun, tilfinningar, líf og strit Íslendingans á okkar dögum, en hefur ekki tíma til að sökkva sér í efnið, mæli ég eindregið með þýðingum á nýrri íslenskum sögum.“⁵¹ Þessi nánast félagsfræðilega eða þjóðfræðilega tillaga að lesefni hljómar nokkuð ankannalega ef haft er í huga að frumtextarnir voru skrifaðir um miðja nítjándu öld og lýsa þar með

⁴⁷ Gerd Schulz, „Das Klassikerjahr 1867 und die Gründung von Reclams Universal-Bibliothek“, *Reclam. 125 Jahre Universalbibliothek 1867–1992*, ritstjóri Dietrich Bode, Stuttgart: Philipp Reclam jun., 1992, bls. 11–28.

⁴⁸ Aldo Keel, „Reclam und der Norden. Autoren, Titel, Auflagen 1869–1943“, *Reclam. 125 Jahre Universalbibliothek*, bls. 132–147.

⁴⁹ Valtýr Guðmundsson, *Island am Beginn des 20. Jahrhunderts*, þýðandi Richard Palleske, Kattowitz: Gebrüder Böhm, 1904.

⁵⁰ Sama rit, bls. 191–224.

⁵¹ Sama rit, bls. 191.

samfélagi sem var að hverfa í upphafi þeirrar tuttugustu.⁵² Engu að síður voru túlkanir af þessu tagi dæmigerðar fyrir meðhöndlun textanna á því tímabili sem hér er til umfjöllunar.

Túlkanir

Þegar Philipp Schweitzer skrifaði *Geschichte der skandinavischen Litteratur im 19. Jahrhundert* (Saga skandinavískra bókmennta á 19. öld) árið 1889 nægðu honum nokkrar síður til þess að víkja að „fagurbókmenntum“ Íslands.⁵³ Þar lagði hann áherslu á mikilvægar sögur Jóns Thoroddsens, sem „með ósvikum og þokkafullum lýsingum sínum“ sé „orðinn að sannkölluðu þjóðskáldi“.⁵⁴ Jón hafi vísað á þá einu leið sem sé fær ef íslensk sagnagerð eigi að geta blómstrað. Þessi leið sé fólgin í dýrðlegum svipmyndum, í hinu ferska og upprunalega, í einfaldri og fábrotinni frásagnaraðferð og loks í tungumáli er sé hið sama og í fornsögnum. Af verkum yngri kynslóðarinnar benti hann á „hrífandi sögur úr íslensku hversdagslífi“ eftir Gest Pálsson og Jónas Jónasson er lofi sérstaklega góðu.⁵⁵

Hjá Poestion má sjá gildismat af sama toga. Í inngangi sínum að *Jüngling und Mädchen* skrifaði hann: „Hinn forni sögustíll sem þessar sögur eru yfirleitt skrifaðar á, sá kyrrláti staður og þær lýsingar á aðstæðum heimahaganna sem þar má finna, allt ljær þetta sögunum sérstætt seiðmagn, sem lætur mann horfa fram hjá ýmsum veikleikum og brestum í byggingu og mannlýsingum“.⁵⁶ Að auki leit hann svo á, líkt og Palleske síðar, að í þessum sögum mætti kynnast íbúum Íslands, síðum þeirra og venjum betur en í nokkurri nákvæmri landlýsingu.

Þegar Küchler sneri sér að íslenskum söguskáldskap skrifaði hann ekki aðeins stuttan kafla með heildaryfirliti eins og Poestion og Schweitzer. Hann gaf út fjölda greina og sérrita og nýtti innganga að þýðingum sínum til þess að leiða lesendur sína inn í íslenska sagnagerð.⁵⁷ Í skrifum hans má finna sambærilegan dóm um notagildi þessara texta sem heimilda um land og þjóð: „engin ferðaskrif

⁵² Margarethe Lehmann-Filhés gaf út annan útdrátt úr *Manni og konu* í fagtímariti og benti þar sérstaklega á að um væri að ræða lýsingu á bøndabæ frá upphafi nítjándu aldar. Hún var með öðrum orðum meðvituð um þessa tímaskekkju. Sjá Margarethe Lehmann-Filhés, „Ein isländisches Pfarrhaus vor hundert Jahren“, *Zeitschrift des Vereins für Völkerkunde* 4/1908, bls. 429–431.

⁵³ Philipp Schweitzer, *Geschichte der skandinavischen Litteratur in drei Teilen*, Leipzig: Wilhelm Friedrichs, 3. bindi, *Geschichte der skandinavischen Litteratur im 19. Jahrhundert*, 1889.

⁵⁴ Sama rit, bls. 281.

⁵⁵ Á sama stað.

⁵⁶ Josef C. Poestion, „Einleitung“, *Jüngling und Mädchen*, 1884, bls. 8.

⁵⁷ Carl Küchler, „Einleitung“, *Das Liebesheim*, 1891, bls. 5–13.

geta dregið upp eins fagra, lifandi, næma mynd af hinni fjarlægðu heimskauteyju og smáþjóð hennar“.⁵⁸ Í endurliti vaknar sú áleitna spurning hvort þessi hvati til að þýða bókmenntaverk hafi í raun verið til þess fallinn að nálgast þau af tilhlýðilegri nærgætni, þar sem þau voru smættuð niður í einskærar heimildir um raunveruleika sem gengið var út frá að væri til staðar í þessari mynd. Dómurinn sem Küchler felldi um stíllinn var einnig keimlíkur dómum þeirra Poestions og Schweiters. Þó kemur nokkuð á óvart að hann beindist ekki aðeins að verkum Jóns Thoroddsens heldur tók hann einnig til verka Gests Pálssonar, sem Küchler sagði skrifa „á einföldu, knöppu og tilgerðarlausu máli hins sanna Íslendinga“.⁵⁹

Það sem Küchler leit almennt jákvæðum augum í íslensku sögunum virkar aftur á móti afar klisjukennt; allt er, skrifar hann, „afar náttúrulegt, sprettur alls óþvingað af aðstæðum, hvergi nokkur ummerki hins ónáttúrulega; hvergi er beitt nokkrum frásagnarbrögðum; hvergi er nokkuð spennandi, nokkuð æsilegt, nokkuð tilgerðarlegt yfirleitt“, enda væri slíkt „öllu hinu íslenska þjóðareðli, hinni einföldu, látlausu náttúruþjóð“ framandi.⁶⁰ Hér blasir við hvernig þjóðhverfum hugmyndum, sem áttu rætur í leitinni að hinu exótíska innan marka Evrópu, er varpað yfir á viðfangsefnið og horft er með einsýnum hætti frá miðjunni út á jaðarinn. Hugsunin var sú að hinum bæri að varðveita eitthvað sem hefði glatast í manns eigin þjóðfélagi – hið náttúrulega, hið náttúrubundna, rótgrónar hefðir – og veita athvarf gegn ágangi nútímans.

Küchler kunni sérstaklega vel að meta einkenni á íslensku sögunum sem hann kallaði „séríslenskt“ (eigen-isländisch) og lýsti nánar sem „hreinræktuðum íslenskum viðfangsefnum“, er fjölluðu um „land og þjóð í áthögum heimskauteyjunnar“ og „væru innblásin af hreinum íslenskum anda“.⁶¹ Í framhaldinu kallaði hann eftir hinu „séríslenska“. Í samræmi við það felldi hann neikvæðan dóm þegar hann kom ekki auga á þetta einkenni, eins og raunin var að hans mati í „amerísk-íslenska“ (það er vestur-íslenska) söguskáldskapnum með „framandi viðfangsefnum“ sínum. Hann hefði ekki aðeins glatað „sérstæðu seiðmagni hins séríslenska inntaks“, heldur einnig að miklu leyti hinum bernska einfaldleika í „ósnortnum og náttúrulegum lýsingum“ sem og „hreinleika hins óspillta móðurmáls“.⁶² Áherslan á meintan einfaldleika, náttúrutengsl og látleysi hinnar íslensku þjóðar er linnulaust ítrekuð í skrifum Küchlers og það á afar myndrænan hátt. Andhverfunni við sitt eigið þjóðfélag lýsti hann með beinum hætti: annars vegar

⁵⁸ Carl Küchler, *Novellistik*, bls. 20.

⁵⁹ Sama rit, bls. 23.

⁶⁰ Sama rit, bls. 21.

⁶¹ Sama rit, bls. 66–67.

⁶² Sama rit, bls. 67.

er „enn því sem næst hrein náttúruþjóð“ í „einangrun sinni á norðurhjara“ en hins vegar hinar „svokölluðu menningarþjóðir nútímans“. ⁶³ Þessu er fylgt eftir með ýktum og þóttafullum lýsingum á lífsháttum nútímans í hans eigin þýska umhverfi. Í áður nefndri grein, þar sem þýðingar Lehmann-Filhés og Küchlers voru bornar saman, var hægt að sýna fram á að þessi einsýna afstaða Küchlers kemur ekki aðeins fram í stílnum á þýðingu hans á „Sögunni af Sigurði formanni“, sem lýsa má sem markvisst ónútimalegum og yfirdrifnum, heldur einnig í endurtúlkun á inntakinu. ⁶⁴ Segja má að í grunninn sé nokkur þverstæða fólgin í því að Küchler, með fortúðarsýn sína og rómantíska afstöðu sem þýðandi, skuli einmitt hafa snúið sér að gagnrýnum, raunsæjum og satírskum prósatextum hinna yngri íslensku höfunda (hann þýddi sex texta eftir Gest Pálsson og birti þá ellefu sinnum). Í það minnsta var menningargagnrýni þessara höfunda heima fyrir í beinni mótsögn við hans eigin túlkun á lífinu á Íslandi.

Í skrifum Poestions má einnig greina ákveðinn andnútimalegan tón. Í kaflanum „Jung Island“ (Unga Ísland) í *Isländische Dichter der Neuzeit* gagnrýndi hann hinn svokallaða nýja skóla (fulltrúa *Verðandi*) fyrir að aðhyllast raunsæi og röt-tækni: „Hann er hrifinn af lýsingum á hinu snautlega hversdagslífi og nýtur þess að sýna skuggahliðar mannlífsins og mannfélagsins í bölsýni sinni, hann er að hluta til á valdi svæsinna efnishyggju og sumir fylgismanna hans stæra sig af því að vera guðleysingar [...]“. ⁶⁵ Poestion hélt því fram að í vanþóknun sinni á höfundum fornaldar hefðu höfundar nútímans gengið svo langt „að gera lítið úr og smána jafnvel hina tignarlegustu minnisvarða bókmenntanna heima fyrir, sem Ísland á þó að þakka orðstír sinn og velvild á erlendri grundu“. Poestion lagði áherslu á þessi orð með því að vísa fullur vanþóknunar til fyrirlestrar Gests Pálssonar, *Menntunarástandið á Íslandi*, frá 1889. Ólíkt Küchler þýddi Poestion engin verk eftir fulltrúa yngri kynslóðarinnar.

Samantekt

Í þessari grein hefur verið sýnt fram á að furðumargar íslenskar smásögur og nóvellur birtust í þýskum þýðingum á tiltölulega stuttu tímabili, frá 1883 til 1913. Hingað til hafa komið í leitirnar 44 útgáfur eftir níu þýðendum, sem byggja á 24 frumtextum eftir átta íslenska höfunda. Að Margarethe Lehmann-Filhés undanskilinni voru allir þýðendurnir og höfundarnir karlar. Upphaf útgáfunnar mörk-

⁶³ Sama rit, bls. 77.

⁶⁴ Marion Lerner, „Sigurd der Bootsführer“, 2024.

⁶⁵ Josef C. Poestion, *Isländische Dichter der Neuzeit*, bls. 482.

uðu stuttir prósatextar sem rekja má til verkefnis rómantíkurinnar, en fljótlega bættust við textar yngri kynslóðarinnar sem flokkast undir raunsæi og náttúralisma. Þýðingarnar birtust með skömmu millibili í ólíkum miðlum, oft voru þær fyrst prentaðar sem framhaldssögur í blöðum, en einnig í almennum tímaritum eða fagtímaritum og loks á bókarformi, stundum í safnitum en einnig í ritum sem helguð voru einstökum höfundum. Þannig voru þýðingarnar prentaðar margsinnis í lítt breyttri eða alls óbreyttri mynd. Enn fremur spreyttu ólíkir þýðendur sig við sömu texta, þannig að þeir komu út í mismunandi gerðum með skömmu millibili.

Hraðinn á útgáfunni var umtalsverður. Frá frumútgáfunni á íslensku til útgáfunnar á þýsku liðu fyrst um sinn nokkrir áratugir, en síðar urðu það aðeins nokkur ár og í stöku tilvikum aðeins eitt. Þannig voru höfundar af mismunandi kynslóðum, sem tilheyrðu ólíkum straumum, kynntir fyrir þýskum lesendum nánast á sama tíma. Öllum var þeim skipað undir merkimiðann *isländische Novellistik* eða „íslenskur söguskáldskapur“. Á eftirtektarverðan hátt voru bókmenntaverkin oft túlkuð sem þjóðfræðilegar heimildir fremur en sem sjálfstæð listaverk. Að auki má greina skýra hugmyndafræðilega afstöðu af hálfu einstakra en áhrifamikilla þýðenda, sem kusu að líta á Ísland sem mótvægi við sinn eigin menningarheim. Þeir væntu þess af íslenskum höfundum að þeir hlúðu að varðveislu. Þannig var Ísland túlkað sem andhverfa hins síkvika heims nútímans og hlutverk þess var að varðveita meinta einangrun og tengslin við fortíðina. Nokkur þversögn virðist fólgin í þessari afstöðu ef horft er til þeirra höfunda og verka sem tekin voru til þýðingar, ekki síst vegna þess að sjónarhorninu var beint að höfundum ólíkra kynslóða og verkum þeirra, og það hafði mótandi áhrif á gerð þýðinganna. Þegar liggja fyrir stöku samanburðarrannsóknir á verkum þeirra þýðenda sem hér hafa verið til umfjöllunar og notkun þeirra á hliðartextum. Brýnt er að bæta við þær niðurstöður sem þegar liggja fyrir og víkka þær út með frekari rannsóknum. Eins og þessi samantekt ber vott um er af nægu efni að taka.

Benedikt Hjartarson þýddi

ÚTDRÁTTUR

Greinin fjallar um rannsókn á íslenskum smásögum og nóvllum sem komu út í þýskri þýðingu 1883–1913. Rannsóknin leggur áherslu á virkni þýðenda í ferlinu og byggir að stórum hluta á hliðartextum sem þýðendur létu fylgja þýðingum sínum eða birtu í öðrum miðlum. Hún sýnir fram á að alls komu út á þýsku 44 þýðingar eftir níu þýðendur sem byggja á 24 íslenskum frumtextum eftir átta höfundum. Þýðingarnar birtust með skömmu millibili í dagblöðum, almennum eða sérhæfðum tímaritum og bókaútgáfu. Margar þýðingar voru prentaðar oftar en einu sinni en einnig þýddu ólíkir þýðendur sömu texta með skömmu millibili þannig að tíðni birtinga var há. Mótað var hugtakið „íslenskur sagnaskáldskapur“ og íslenskum höfundum af ólíkum kynslóðum og stefnum var skipað undir sama merkimiðann. Eftirtektarvert er að íslensk bókmenntaverk voru oft þýdd á þeim forsendum að túlka mætti þau sem þjóðfræðilegar heimildir um Ísland frekar en sjálfstæð bókmenntaverk.

Lykilhugtök: smásögur, sagnaskáldskapur, þýðingar, þýðendur, hliðartextar, Carl Küchler, Margarethe Lehmann-Filhés

ABSTRACT

German translations of Icelandic short stories and novellas 1883–1913

This article deals with German translations of Icelandic short stories and novellas published between 1883 and 1913. The underlying study emphasizes the translators' role in the translation process. It is largely based on paratext that the translators added to their translations or published in other media. It shows that a total of 44 translations by nine translators were published in German, based on 24 Icelandic source texts by eight authors. These translations were published in short intervals in different media such as newspapers, general or specialized magazines, and books. Many translations were published more than once, but different translators also translated the same texts. Therefore, the frequency of publications of these stories was remarkably high. It is worth noting that the selected texts were often translated on the assumption that they could be read as ethnographic sources about Iceland rather than independent literary works.

Keywords: short stories, novellas, translation, translator, paratext, Carl Küchler, Margarethe Lehmann-Filhés

MARION LERNER

Dósent í þýðingafraeði
marion@hi.is